

**Sp.**

**32. Tillaga til þingsályktunar**

[33. mál]

um rannsókn á atvinnuráðningu íslenzkra menntamanna erlendis.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason,  
Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort mikil brögð séu að því, að íslenzkir menntamenn ráði sig að námi loknu til starfa erlendis, og ef svo er, hverjar ástæður liggi til þess.

**Greinargerð.**

Að undanförunu hefur talsvert verið rætt um það, að ýmsir sérmenntaðir menn, svo sem læknar og verkfræðingar, réðust til starfa erlendis að námi loknu. Virðist svo sem að þessu séu miklu meiri brögð en eðlilegt má telja. Frá því hefur t. d. nýlega verið sagt í dagblaði, að í Svíþjóð einni mundu nú starfa 60—80 íslenzkir læknar. Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisskrifstofunni er talið öruggt, að talsvert á annað hundrað íslenzkra lækna dveljist nú erlendis, en þess er að gæta, að allmargir þeirra eru við framhaldsnám eða dveljast þar til bráðabirgða. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Verkfræðingafélagsins munu 35 íslenzkir verkfræðingar, sem eru félagsmenn í Verkfræðingafélaginu, starfa erlendis um þessar mundir. Auk þess munu ýmsir íslenzkir tæknimenntaðir menn stunda atvinnu erlendis.

Það er þannig ljóst, að margir menntamenn hafa leitað atvinnu utan landsteinanna. En þrátt fyrir nokkra eftirgrennsan hefur ekki reynzt unnt að fá um það nákvæmar tölur, hve margir sérmenntaðir Íslendingar stundi atvinnu erlendis. Að áliti okkar flutningsmanna þessarar tillögu er nauðsynlegt, að fram fari ræki- leg athugun á því, hve marga menn er hér um að ræða. Hitt skiptir og eigi minna máli að kanna það, hverjar ástæður liggja til þess, að þessir sérmenntuðu menn kjósa að setjast að erlendis.

Það liggur í augum uppi, að það er mikið tjón fyrir Ísland að missa þessa sérmenntuðu menn. Hér er full þörf fyrir kunnáttu þeirra og starfsgetu. Framtíð og gengi þjóðarinnar er ekki hvað sízt undir því komin, að hún eigi á að skipa nægilegum fjölda sérkunnáttumanna og tæknimenntaðra manna. Þjóðfélagið hefur kostað miklu til menntunar þessara manna. Hvað dregur þá til útlanda? Eru það betri launakjör eða fullkomnari starfsaðstaða? Eru starfsskilyrði þeirra hér ekki viðhlítandi? Við þessum spurningum þarf að finna rétt svör. Síðan þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að stöðva þá öfugþróun, sem hér virðist hafa átt sér stað. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Fyrir henni verður að öðru leyti gerð nánari grein í framsögu.